



ÍM50 2021 – Covid Version

Uppfært skipulag

Nýtt skipulag fyrir ÍM50 er nú í vinnslu. Við munum styðjast við margt af því sem við útfærðum fyrir RIG í febrúar en við náum þó að liðka örlítið meira til, gangi allt upp. Vegna fjöldatakmærkanna verður þó að fækka boðsundum og einstaklingsgreinum, til að tryggja það að hægt sé að hafa réttan fjölda í upphitunum og í hólfum hverju sinni.

Hér eru helstu punktar yfir það hvernig ÍM50 mun fara fram helgina 23-25. apríl nk. í Laugardalslaug.

- Engin takmörkun á fjölda keppenda, fjöldi keppenda er um 170 talsins.
- Áhorfendur ekki leyfðir, efri stúka í staðinn notuð fyrir þjálfara og neðri fyrir keppendur.
- Þrískipt upphitun í undanrásum: 8.10-8.35 + 8.35-9.00 + 9.00-9.25 sem ætti að tryggja að færri en 50 eru á keppnissvæði í einu.
- Tvískipt upphitun í úrslitum: 15.00-15.25 + 15.30-15.55 sem ætti að tryggja að færri en 50 eru á keppnissvæði í einu
- Keppt verður á 8 brautum í einstaklingsgreinum (1-8), tveir riðlar í einu á keppnissvæði (1 í laug og 1 á bakka)
- Keppt verður á 4 brautum í boðsundum (1, 3, 5 og 7) til að takmarka fjölda á keppnissvæði (16 keppendur)
- 4x100 fjórsund blandað fellur niður í morgunhluta föstudag til að lágmarka blöndun og takmarka fjölda á keppnissvæði
- 4x100 skriðsund blandað fellur niður í morgunhluta laugardag til að lágmarka blöndun og takmarka fjölda á keppnissvæði
- Hámarksfjöldi einstaklingagreina verður 4 greinar til að lágmarka blöndun og takmarka fjölda á keppnissvæði og í búningsklefum
- Efri stúka verður fyrir þjálfara félaga, skipt upp í hólf eins og fyrir keppendur
- Neðri stúka verður fyrir keppendur, skipt upp eftir liðum (8 hólf), eingöngu fyrir þá sem eru að fara að keppa í viðkomandi hluta, þegar sundfólk hefur lokið keppni yfirgefur það sundmannvirkið
- Skilveggir verða settir upp meðfram gluggahlið laugar og við rásenda. Haft gat við rásenda fyrir miðju þar sem keppendur koma inn.
- Bein útsending á RÚV frá úrslitum laugardags og sunnudags, allar upptökuvélar stúkumegin í lauginni.
- Verðlaunaafhending og útfærsla á henni er í skoðun

Við viljum biðja þjálfara um að senda uppfærðar skráningar með hámark 4 greinum á hvern einstakling til okkar ekki síðar en 16:00 á morgun, fimmtudaginn 15. apríl. Keppendalistinn verður þá aðgengilegur föstudaginn 16. apríl. Uppfærðar skráningar sendist á emil@iceswim.is

Ítarlegri leiðbeiningar og tímaáætlun verða gefnar út þegar allra skráningar hafa borist.